

Endursköpun brjósts með bakfellsflipa (Latissimus dorsi)

Endursköpun á brjósti er gerð eftir að brjóst hefur verið fjarlægt. Í skurðaðgerðinni er húðflipi og undirliggjandi vöðvi færður af baki og á brjóstasvæðið. Oft er sílikon eða vatnsfylltur sílikonpoki settur undir vöðvann til að fá fyllingu. Gera má ráð fyrir að vera frá vinnu í 6-8 vikur, háð eðli starfs og liðan.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Næring

Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Gott er því að borða næringarrikan mat, taka vítamín og drekka orkuríka næringardrykki fyrir aðgerðina. Hætta þarf töku á lýsi í að minnsta kosti viku fyrir aðgerð vegna blóðþynnandi áhrifa.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Reykingar valda skertu blóðflæði til vefja og er drep í brjósti algengara hjá þeim sem hafa reykt. Ætlast er til þess að tóbaksnotkun sé hætt í að lágmarki í 6-8 vikur fyrir aðgerð og vera þarf tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa á spítalanum um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Aðgerðir á brjóstum eru bæði gerðar á Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi. Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur yfirleitt boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.

- Innskriftarmiðstöð 10E er staðsett í kjallara Landspítala við Hringbraut.
- Innskriftarmiðstöð B3 er staðsett á 3. hæð Landspítala í Fossvogi.

Viðtal

Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing og lækna skurð- og svæfingadeilda. Spurt er um heilsufar, gerð lækni skoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3-4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Fyrir þjónustuna á innskriftarmiðstöð þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni. Aðrar rannsóknir eru gerðar ef aldur eða heilsufar gefa tilefni til.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur í innskriftarviðtali hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Rakstur

Til að draga úr sýkingarhættu í aðgerð má ekki raka hár úr handarkrika í þrjá daga fyrir aðgerð til að húðin hafi náð að jafna sig fyrir aðgerðina.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sótthreinsandi sápu sem afhent er í innskriftarviðtali. Fjarlægja þarf skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má nota svitalyktareyði eða bera krem á andlit eða líkamann eftir sturtuna. Skipta þarf á rúmfötum áður en farið er í sturtuna.

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp, inniskó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Mæta á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi eða kvenlækningadeild 21A á Hringbraut samkvæmt uppýsingum sem veittar voru í innskriftarviðtali. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Á deildinni er aftur farið í sturtu og notuð sóttþreinsandi sápa. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 3-4 klukkustundir en það fer eftir eðli og umfangi aðgerðar.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í 4-6 klukkustundir og þaðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Til að byrja með má búast við að finna verki í skurðsárum, sérstaklega við öndunaræfingar og hreyfingu. Eðlilegt er að finna fyrir dofa í flípanum. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf þarf að láta vita. Markmið verkjameðferðar er að vera verkjalaus í hvíld, geta hreyft sig með góðu móti, andað djúpt og hóstað án verulegra verkja.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Öndun

Súrefni er gefið fyrsta sóláhringinn eftir aðgerð og eftir þörfum. Öndunaræfingar eru mikilvægar fyrir starfsemi hjarta og lungna og draga úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu.

Þvagleggur

Þvagleggur er settur í þvagblöðru í aðgerð til að fylgjast með þvagútskilnaði en hann er fjarlægður fljótlega eftir aðgerðina.

Matur og drykkur

Yfirleitt má byrja að borða og drekka við komu á deild eftir aðgerð. Sumar konur finna fyrir lystarleysi og jafnvel ógleði og eru þá gefin ógleðistillandi lyf.

Skurðsár

Skurðsár eru á baki og brjósti/brjóstum og er þeim lokað með saumum sem eyðast af sjálfu sér. Fylgst er með skurðsári og skipt um umbúðir eftir þörfum. Hjúkrunarfræðingar á deild leiðbeina um hvenær má fara í sturtu. Algengt er að tilfinningin í húð uppbyggðar brjóstins sé önnur en í hinu brjóstinu.

Drenslanga

Yfirleitt eru settar 2-3 drenslöngur í aðgerðinni sem liggja frá skurðsvæðinu og út í gegnum húð til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð. Algengt er að útskrifast með drenslöngur og koma þá á göngudeild í eftirlit.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna, hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Sjúkraþjálfari og starfsfólk deildar aðstoðar við hreyfingu eftir þörfum. Fyrst eftir aðgerð þarf að forðast að lyfta hendi upp yfir höfuð. Einnig eru fyrst um sinn notaðir teygjusokkar til að bæta blóðrás í fótum og minnka hættu á blóðtappamyndun.

Svefn og hvíld

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu vikunnar eftir aðgerð. Einnig er algengt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil
- endurkomutíma hjá sérfræðingi
- endurkomutíma hjá hjúkrunarfræðingi á brjóstamiðstöð

Útskrift

Útskrift er áætluð 5-6 dögum eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð getur það lengt sjúkrahúsdvölinu.

Símanúmer

Brjóstamiðstöð á göngudeild 10E (á dagvinnutíma) 825 3520

Kvenlækningadeild 21A 543 3263

HNE, lýta- og æðaskurðeild A4 543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á byrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
OKTÓBER 2016
LSH-128

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR LÝTALÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRAR A4 OG 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD